

## 81. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd þriðjudaginn 9. maí kl. 18:15 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, Helgi B. Haraldsson, Þorbergur Bæringsson, Guðmundur Kristinsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Deiliskipulagstillaga af verslunar og þjónustusvæði við Aðalgötu. Tillagan var í auglýsingu til 4. maí 2006. Engar athugasemdir bárust.  
*Tillaga samþykkt.*
2. Deiliskipulagstillaga af atvinnuhúsnæði við Nesveg. Tillagan var í auglýsingu til 4. maí 2006. Athugasemdir hafa borist frá Ægi Þór Ólafssyni, Sundabakka 15, Guðmundi Páli Ólafssyni og Ingunni Jakobsdóttur Neskinn 1 og Ellerti Kristinssyni Sundabakka 13.  
*Nefndin leggur til að deiliskipulagstillaga verði endurskoðuð með tilliti til athugasemda.*
3. Hinrik Hjartarson og Guðmunda Þ. Ragnarsdóttir sækja um að byggja við húsið að Silfurgötu 32, samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu EK dags. febr. 2006. Erindið var í grenndarkynningu frá 21. mars til 19. apríl. Engar athugasemdir bárust. Samtals 32,8 m<sup>2</sup>, 101,6 m<sup>3</sup>.  
*Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.*
4. Erindi frá Ásthildi Sturludóttur um lóðarstækkun að Skólástíg nr. 5.  
*Byggingarfulltrúa falið að gera tillögu að lóðarstækkun.*
5. Tillaga um staðsetningu á flokkunargámum við skóla/sundlaug.  
*Tillaga samþykkt.*
6. Fyrirspurn frá Hjálmdísi B. Bergmannsdóttur og Daða H. Sigurþórssyni um leyfi til að byggja einbýlishús að Reitarvegi nr. 4 samkvæmt tillöguteikningum og bréfi dags. 8.05.06. Einnig er sótt um niðurrif á núverandi húsi að Reitarvegi nr. 4.  
*Samþykkt niðurrif á húsi og tekið jákvætt í fyrirspurn. Nefndin bendir á að huga þarf að veðböndum vegna niðurrifs.*
7. Lögð fram afstöðumynd af fyrirkomulagi bílastæða við Nesveg 1 og 1A.  
*Tillaga samþykkt með lítilsháttar breytingum á bílastæðum.*
8. Eyþór Ágústson og Dagbjört Höskuldsdóttir Hafnargötu 4 sækja um að fjölga gluggum á norðausturhlíð hússins og fjarlægja skorstein.  
*Erindi samþykkt. Gjald kr. 3000.-*

9. Athugasemdarbréf dags. 12. apríl 2006 frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg um blindhorn við Borgarbraut.  
*Erindi lagt fram til kynningar.*
10. Skipulagstillaga af Víkurhverfi unnið af Glámu Kím dags. 11.06.06.  
*Tillaga lögð fram til kynningar.*
11. Tillaga af yfirborðsfrágangi af miðbæ unnið af Landslagi dags. 2.05.06.  
*Tillaga lögð fram til kynningar.*
12. Fyrirhuguð staðsetning á siglingaklúbbi Siglingadeildar Snæfells.  
*Tekið er jákvætt í erindið. Leggja þarf fram tillöguteikningar.*
13. Breytingartillaga á lóðarstærðum við Tjarnarás nr. 2 – 16 sbr. teikningu dags 9.05.06.  
*Tekið er jákvætt í tillögu.*
14. Stykkishólmshöfn /Hrannar Pétursson hafnarvörður sækir um að staðsetja girðingu út við Súgandisey, sbr. bréf dags. 5. 05.06.  
*Erindi samþykkt.*
15. Ingibjörg Gísladóttir og Unnur Jónasdóttir Ásklif nr. 3 sækja um að staðsetja garðhýsi á lóðinni sbr. teikningu.  
*Erindi samþykkt.*
16. F.h. Hótel Breiðafjarðar sækir Guðný V. Gísladóttir um að staðsetja auglýsingaskilti við Aðalgötu sbr. tillögu.  
*Erindi frestað.*

#### 17. Önnur mál

*17.a Þorbergur Bæringsson bendir á umhirðu einstakra lóða í bænum er ábótavant.*

Gretar D. Pálsson þakkar nefndarmönnum og varamönnum s.l. sextán ár fyrir mjög ánægjulegt samstarf, sérstaklega þó nefndarmönnum á seinasta kjörtímabili.

Fundarmenn þakka formanni fyrir samstarfið á kjörtímabilinu og góðar veitingar á fundinum.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.  
Fundi slitið kl. 19:55

Gretar D. Pálsson (sign)  
Helgi B. Haraldsson (sign)  
Þorbergur Bæringsson (sign)  
Guðmundur Kristinsson (sign)  
Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (sign)